



Reykjavíkurborg  
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

## STARFSLEYFI

fyrir tannlæknastofu (Krýna) að Fellsmúla 26, 5. hæð

Nafn leyfishafa: Krýna ehf.

Heimilisfang: Grensásvegur 48

Póstnúmer: 108

Kennitala: 450799-2389

Útgáfudagur leyfis: 22. mars 2022

Gildir til: 22. mars 2034

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir tannlæknastofur og almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 22. mars 2022

  
Óskar Helgi Björnsson





## Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis fyrir

# Krýnu

kt. 450799-2389

Fellsmúla 26, 108 R.

**Starfsleyfi fyrir Krýnu, 108 R.**

### 1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur móttók þann 14.12.2021 umsókn Krýnu kt. 450799-2389, um starfsleyfi fyrir tannlæknastofu við Fellsmúla 26. Sótt er um flutning í nýtt húsnæði til 12 ára.

Móttaka umsóknar var auglýst á heimasíðu Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER), <https://www.reykjavik.is/motteknar-umsoknir-um-starfsleyfi>, þann 23.12.2021. Þá lá fyrir tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Í tillögunni er lagt til að um starfsemina gildi almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisfndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og og samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir tannlæknastofur.

### 2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðaðróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Um er að ræða flutning í nýtt húsnæði og því var óskað umsagnar byggingafulltrúa um starfsemina á þessum stað þann 4.1.2022. Neikvæð umsögn byggingafulltrúa barst 5.1.2022. Fyrirtækinu var tilkynnt um það samdægurs. Þann 22.3.2022 barst vottorð um öryggisúttekt byggingafulltrúa sem metið var sem jákvæða umsögn.

### 3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur í umboði heilbrigðisnefndar að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir tannlæknastofuna Krýnu við Fellsmúla 26 á heimasíðu Heilbrigðiseftirlitsins. Auglýsingin var birt þann 23.12.2021 og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 21.1.2022.

### 4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.



## Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Umhverfiseftirlit

### 5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

### 6. Ákvörðun heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis

Í samræmi við viðauka 2.2 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019, var ofangreind starfsleyfisumsókn tannlæknastofunnar Krýnu tekin til afgreiðslu á 1602. afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 15.2.2022 þar sem afgreiðsla var frestað í ljósi neikvæðrar umsagnar byggingarfulltrúa. Umsóknin var lögð fyrir að nýju á 1610. afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur þann 22.3.2022 og samþykkt að gefa út starfsleyfi til 12 ára.

### 7. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðiseftirlitsins í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Reykjavík, 8.7.2022

F.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur,

---

Harpa Lind Björnsdóttir  
Heilbrigðisfulltrúi





## Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi

### 1. Gildissvið og almenn ákvæði

- 1.1 Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi eru gefin út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur eftirlit með starfseminni.
- 1.2 Handhafi starfsleyfis skal vera sá einstaklingur eða lögaðili sem rekur eða stýrir þeirri starfsemi sem starfsleyfið nær til, hér eftir kallaður rekstraraðili. Rekstraraðila ber að sjá til þess að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda og ákvæði starfsleyfisskilyrða. Rekstraraðili ber ábyrgð á að starfsemin fari með þeim hætti að hvorki fólki né umhverfi stafi hættu af.
- 1.3 Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða ef mengun er meiri en búast mátti við. Sama gildir ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi eða fram kemur ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna, samanber gr. 5 í rgl. 550/2018.
- 1.4 Um endurskoðun á starfsleyfisskilyrðum skal fara skv. ákvæðum í gr. 14 í reglugerð nr. 550/2018.
- 1.5 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ber að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Ef rekstraraðili fyrirhugar að gera breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem varðað geta starfsleyfið ber honum að tilkynna Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um það með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara, sbr. gr. 13 í rgl. 550/2018. Heilbrigðiseftirlitið metur upplýsingarnar innan fjögurra vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega um það hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.
- 1.7 Öll mengunaróhöpp þar sem hættuleg efni eða spilliefni berast í fráveitu, jarðveg, sjó eða yfirborðsvatn ber tafarlaust að tilkynna Heilbrigðiseftirlitinu.
- 1.8 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um úrbætur getur Heilbrigðiseftirlitið beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.9 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.10 Um opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer skv. gr. 57 í rgl. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.11 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af skilyrðunum skal ávallt tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.



- 1.12 Almennigur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

## **2. Lóð, athafnasvæði og húsnæði**

- 2.1 Rekstraraðila er skylt að halda athafnasvæði, lóð og húsnæði hreinu og snyrtilegu og gæta þess að athafnasvæðið mengist ekki eða þar safnist fyrir úrgangur, svo og hlutir og búnaður sem ekki eru í notkun eða eru starfseminni óviðkomandi. Sorpgeymslur og ílát undir úrgang skulu standast kröfur Heilbrigðiseftirlitsins. Girðingum skal haldið við.
- 2.2 Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur fengið til afnota. Notkun lóðar og húsnæðis skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulags- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt. Heilbrigðiseftirlitið getur krafist þess að lóð eða svæði innan hennar sé afgirt.
- 2.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

## **3. Meðferð hættulegra efna**

- 3.1 Geyma skal öll hættuleg efni á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið ónæði, heilsutjóni eða umhverfisskaða. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að efnavara eða stök efni séu geymd í læstum hirslum
- 3.2 Hættuleg efni skulu ekki geymd utandyra nema tryggt sé að mönnum og umhverfi stafi ekki hættu af þeim.
- 3.3 Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.
- 3.4 Umbúðir hættulegra efna skulu merktar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablanda.
- 3.5 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum.
- 3.6 Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á varasömum efnum. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, á efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

## **4. Meðferð úrgangs og spilliefna**

- 4.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er.
- 4.2 Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Meðal annars skulu einstakar gerðir úrgangs flokkaðar sérstaklega sé það nauðsynlegt til að endurnotkun eða endurnýting geti farið fram.





- Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.
- 4.3 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.
  - 4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð traust ílát sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.
  - 4.5 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.
  - 4.6 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings viðkomandi úrgangs.
  - 4.7 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu aðgengilegar við eftirlit í fyrirtækinu.
  - 4.8 Leggist starfsemin niður skal öllum spilliefnum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir spilliefni.
  - 4.9 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni m.s.br. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs m.s.br.

## 5. Mengunarvarnir

- 5.1 Öll losun mengandi efna er óheimil án tilskilinna leyfa.
- 5.2 Rekstraraðila ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að vatn, loft eða jarðvegur mengist. Halda skal í lágmarki mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa. Rekstraraðila er skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur í mengunarvörnum þ.á.m. uppsetningu mengunarvarnabúnaðar, s.s. hreinsunarbúnaðar, loftútrása og hávaðavarna.
- 5.3 Ástand véla og tækja skal vera með þeim hætti að ekki valdi meiri mengun en ella. Ástand og eftirlit með mengunarvarnabúnaði skal vera þannig að búnaðurinn virki eins vel og kostur er.
- 5.4 Rekstraraðila ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu aðgengilegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind. Orku skal nýta vel.
- 5.5 Heilbrigðiseftirlitið getur farið fram á að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunaróhappa. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.
- 5.6 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir ónæði og heilsuspillandi áhrif af völdum hávaða frá starfsemi. Um hávaða fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.



- 5.7 Starfseminni skal þannig háttáð að hún valdi ekki fólki í nágrenninu ónæði, óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna mengunar. Komi upp vandamál vegna lykta eða mengandi efna frá útblæstri, er rekstraraðila skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur, s.s. uppsetningu hreinsibúnaðar eða hærri útrásar. sbr. gr. 5.2.
- 5.8 Þar sem fljótandi mengandi efni eru til staðar s.s. hættuleg efni, olíuefni og spilliefni skal undirlag vera vökvahelt og viðbragðsbúnaður hafður til taks, s.s. ílát og efni eða búnaður sem sýgur í sig vökva. Uppsogsgeta búnaðar skal taka mið af magni efna sem geymd eru á staðnum og eðli. Þar sem mikið magn framangreindra efna er til staðar skal auk þess hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að efnin geti borist í niðurföll. Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um búnað, s.s. safntank eða lokubúnað á olíuskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður. Ef óhapp á sér stað skal leggja áherslu á að hefta útbreiðslu efnanna við uppsprettu og ná þeim upp áður en þau komast í frárennsli.
- 5.9 Við rekstur olíugeyma, meðhöndlun, notkun og geymslu á olíu, lýsi og grút, lífdísel og öðru lífeldsneyti, íblöndunarefni eða lífrænum leysum sem hafa svipaða eiginleika og olía og úrgangur þessara efna er meðhöndlaður eða geymdur ber að fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, m.s.br.
- 5.10 Þar sem neyslu-, húsa- eða lausageymar eru í notkun skulu vera öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir.
- 5.11 Neysluageymar sem notaðir eru fyrir áfyllingu á farartæki skulu vera með yfirfyllingarviðvörðun eða yfirfyllingavörn. Afgreiðsluplan tengt olíuskilju skal vera við neysluageyma til afgreiðslu á ökutæki, sbr. þó undanþáguákvæði í gr. 41. í rgl. 884/2017. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og gildandi stöðlum sbr. viðauka II í rgl. 884/2017. Olíu- og sandskiljur skal skoða og yfirfara reglulega, en þó eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti, og tæma og hreinsa eftir þörfum með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um olíuskiljur.
- 5.12 Gengið skal þannig frá neysluageymum að ekki geti orðið sjálfrennsli frá þeim.
- 5.13 Neysluageymir skal útbúinn afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sér stað. Afgreiðslubyssur skulu þannig útbúnar að ekki sé hægt að festa þær í opinni stöðu á milli afgreiðslna.
- 5.14 Þar sem olíuefni af jarðefnaolíuuppruna eru notuð skal koma í veg fyrir að þau berist út í umhverfið. Ef gera má ráð fyrir að olíuefni berist í frárennsli skal frárennslið leitt um olíuskilju. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Á olíuskiljunni skal vera búnaður til að loka fyrir frárennsli frá henni, þannig að hægt sé að safna þar olíu og dæla beint úr skiljunni verði stórfellt óhapp.
- 5.15 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, ásamt síðari breytingum.
- 5.16 Að öðru leyti skal fylgja ákvæðum rgl. 860/2000 um amalgammengað vatn og amalgammengaðan úrgang frá tannlæknastofum, rgl. nr. 920/2016 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmslofti og upplýsingar til almennings, rgl. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) ásamt síðari breytingum, rgl. 787/1999 um loftgæði, rgl. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, rgl. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, rgl. 798/1999 um fráveitur og skólp, rgl. 799/1999 um meðhöndlun seyru, rgl. 804/1999 um varnir gegn





mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og rgl. 809/1999 um olíuúrgang.

## **6. Eigið eftirlit og skráningar**

- 6.1 Rekstraraðili skal hafa eftirlit með öllum rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun. Jafnóðum skal skrá og geyma upplýsingar um:
- Eftirlit með, úttektir, prófanir, bilanir og viðhald á mengunarvarnabúnaði, þ.m.t. hreinsun á síum, olíuskiljum, skorsteinum og lofrásum.
  - Öll mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
  - Magn (kg,l) og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila. Enn fremur nafn flutningsaðila og móttökustöðvar.
  - Annað sem ber að skrá skv. ákvæðum reglugerða eða sértækra starfsleyfisskilyrða.

## **7 Starfsemi hætt**

- 7.1 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun og til hreinsunar lóðar. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með a.m.k. mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.
- 7.2 Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal rekstraraðili ganga úr skugga um hvort svo sé þegar starfsemin er lögð niður eða flutt. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið.
- 7.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í rgl nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Samþykkt á 10. fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur 5.12.2018.



# STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR TANNLÆKNASTOFUR

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum*

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

	Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1 Starfsleyfið gildir fyrir tannlæknastofur.		
1.2 Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfisumsókn og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar fyrir starfsemina.	941/2002 13.gr	
1.3 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	941/2002 7. gr.	
1.4 Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.	941/2002 14.gr	
1.5 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi. Ábyrgðin er gagnvart þjónustuþegum, eigin heilsu og heilbrigðisyfirvöldum.	941/2002 13.gr	

## 2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

	Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1 Húsnæði skal vera vel við haldið. Húsnæði skal vera aðskilið frá óskyldri starfsemi eða íbúð.	941/2002 14.gr	
2.2 Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.	941/2002 14.gr	
2.3 Rými sem ætluð eru til tannviðgerða/aðgerða skulu vel aðgreind og þannig útbúin að ekki verði hætt á mengun á milli rýma.	941/2002 49.gr	
2.4 Sérstök handlaug skal vera í tengslum við meðferðarrými. Við hana skal vera fljótandi sápa, einnota handþurrkur og gerileyðir.	941/2002 49.gr	

2.5	Fullnægjandi búnaður þarf að vera fyrir hendi, svo sem borð og vaskar, sem sérstaklega er ætlað til þvotta og sótthreinsunar á áhöldum og vinnu með sterk efni.	941/2002 49.gr	
2.6	Útbúnaður og aðstaða skal vera til dauðhreinsunar áhalda.	941/2002 49.gr	
2.7	Læst og loftræst ræstiaðstaða með skolvaski skal vera til staðar í hverri rekstrareiningu. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiáhöld og efnavöru.	941/2002 14.gr	
2.8	Staðsetja skal loftinntak fyrir loftpressu þannig að hún taki inn ferskt ómengað loft. Útblástur frá sogmótor skal staðsetja þannig að ekki valdi öðrum óþægindum eða skaða.	941/2002 49.gr	
2.9	Greiður aðgangur skal vera að fullbúinni snyrtingu með sápulegi og einnota handþurrkum. Þar sem við á skal vera fullnægjandi aðskilnaður á snyrtiaðstöðu starfsfólks og viðskiptavina. Ruslafata með loki skal vera í hverju salernisrými.	941/2002 15.gr	
2.10	Hitastýrð blöndunartæki skulu vera í handlaugum, þannig að vatnshiti fari ekki yfir 43°C á töppunarstað.	941/2002 14.gr	
2.11	Fatahengi og búningaástaða skal vera eftir því sem við á.	941/2002 14.gr	

### 3. HREINLÆTI OG ÞRIF

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Húsnæði og öll aðstaða skal þriffin daglega eða oftár eftir þörfum. Hreinlætisáætlun skal vera skrifleg. Alsherjarhreingerningu skal gera minnst árlega.	941/2002 14. og 11. gr.r	
3.2	Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld. Óheimilt er að hafa teppi á gólfum meðferðarrýmis.	941/2002 14.gr	
3.3	Loftræsikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustuhandbók eða samsvarandi leiðbeiningar fyrir loftræsikerfi skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.	941/2002 11. og 14. gr	
3.4	Reykingar eru bannaðar þar sem almenningur leitar aðgangs og þjónustu.	Lög nr. 6/2002	
3.5	Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í húsnæðið. Þó er fötluðum heimilt að hafa með sér merktan hjálparhund.	941/2002 19.gr	

## 4. SÓTTHREINSUN

	Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1 Starfsmenn skulu ástunda fullnægjandi handþvott.	941/2002 49.gr	
4.2 Ávallt skal hreinsa, sóttthreinsa og dauðhreinsa tæki og búnað eftir því sem við á með viðeigandi efnum og aðferðum. Aðstaða til almennrar hreinsunar áhalda og dauðhreinsunar skal vera vel aðgreind.	941/2002 49.gr	
4.3 Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um sérstaka áhaldapvottavél.	941/2002 49.gr	
4.4 Viðhafa skal ýtrustu smitgát. Tæki og áhöld sem fara í vefi fólks skulu vera dauðhreinsuð.	941/2002 49.gr	
4.5 Sóttthreinsa skal eins fljótt og auðið er menguð áhöld, ílát undir blandað sóttthreinsiefni skal vera með þétu loki. Loftræsing skal vera góð þar sem notkun og blöndun efna fer fram.	941/2002 49.gr	
4.6 Dauðhreinsibúnað skal yfirfara reglulega.	941/2002 49. og 11.gr	
4.7 Dauðhreinsuð áhöld skal geyma í lokuðum umbúðum eða ílátum og haldið aðgreindum frá óhreinum áhöldum.	941/2002 49.gr	
4.8 Fara skal eftir leiðbeiningum Landlæknisembættisins um hreinsun, sóttthreinsun og dauðhreinsun áhalda eftir því sem við á.	941/2002 49.gr	
4.9 Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu í starfsleyfi um innra eftirlit í starfsemi þar sem smithætta er fyrir hendi eða sérstakra öryggisráðstafana er þörf.	941/2002 49. og 11. gr	
4.10 Fyrir hvern viðskiptavin skal eftir því sem við á nota hreinar hlífar s.s. úr taui eða einnota pappírshlífar. Þvott skal þvo við a.m.k. 60°C.	941/2002 49.gr	

## 5. UMHVERFISMÁL

	Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1 Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.	Rg. 941/2002 14. gr og 18.gr.	



5.2	Viðurkenndan hreinsibúnað skal nota til að hreinsa amalgam úr vatni áður en það berst í fráveitu, hreinsibúnaðurinn uppfylli a.m.k þær kröfur sem koma fram í íslenskum staðli um amalgamskiljur.	Rg. 860/2000 3. gr.	
5.3	Öllum amalgammenguðum úrgangi ber að skila inn til viðurkenndrar móttökustöðvar fyrir spilliefni. Sóttgreinsa ber amalgammengaðan úrgang áður en honum er skilað til móttökustöðvar.	Rg. 860/2000 4. gr.	
5.4	Bannað er að hella hættulegum efnum og spilliefnum í niðurföll, ár, vötn eða sjó.	Rg. 737/2003 11. gr.	
5.5	Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs.	Rg. 806/1999	
5.6	Spilliefnum þ.m.t. amalgam, framköllunarefni, festiböð, lyfjaafgangar, nálar og oddhvass úrgangur skal safnað, þau geymd og flutt í þar til gerðum umbúðum til viðurkenndra móttökustöðva. Kvittanir fyrir skilum skulu aðgengilegar eftirlitsaðilum og geyma í a.m.k. fjögur ár.	Rg. 860/2000 4. gr.	
5.7	Sóttmengaður úrgangur sem búið er að dauðhreinsa flokkast sem almennt sorp.	Rg. 737/2003	
5.8	Gera skal ráð fyrir kældri og læstri sorpgeymslu fyrir sóttmengaðan úrgang og spilliefni eftir því sem við á.	Rg. 737/2002	
5.9	Lyf og hættuleg efni skulu geymd í læstum hirslum. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt. Öryggisleiðbeiningar fyrir hættuleg efni skulu vera aðgengilegar.	Lög 61/2013 og Rg. 941/2002 35. gr og 37.gr.	
5.10	Leitast skal við að nota umhverfisvæn efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.		
5.11	Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólþ eftir því sem við á.	Rg 798/1999.	

**GREINARGERÐ MEÐ SAMRÆMDUM STARFSLEYFISKILYRÐUM FYRIR  
ATVINNUGREIN**
**Atvinnugreinaflokkur (ÍSÁT): 85.13.1.1 Tannlæknastofur**
**Helstu forsendur fyrir starfsleyfiskilyrðum þessum eru:**


- Til að tryggja hollustuhætti og heilnæmt umhverfi í samræmi við reglugerð um hollustuhætti

- Til að koma í veg fyrir óhöpp og slys á viðskiptavinum
- Til að tryggja að starfsmenn hafi ákveðna lágmarksbekkingu
- Koma í veg fyrir vanbúnað í aðstöðu fyrir almenning.
- Hafa aðhald með þeim sem starfa í þjónustu við almenning.
- Tryggja að eftirlit og viðeigandi gögn séu til um starfseminu.
- Fyrirbyggja mengun og mengunarslys.

**Starfsemin á sér stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:**

- Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.s.br.
- Reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, m.s.br.
- Reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003.
- Reglugerð nr. 860/2000 um amalgammengað vatn og amalgammengaðan úrgang frá tannlæknastofum.
- Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, m.s.br.
- Efnalög nr. 61/2013 og reglugerðum sem á þeim byggja.
- Reglugerð um spilliefni nr 806/199 breytt með reglugerð nr. 169/2002.
- Reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs,
- Lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir.
- Lögum nr. 93/1995 um matvæli.
- Reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli.
- Reglugerð nr. 536/2001 um neyslumatn, m.s.br.
- Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
- Byggingarreglugerð nr. 112/2012 m.s.br.

Reykjavík 03.05.2018



Kristín Linda Árnadóttir